

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa  
Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum  
fatlaðs fólks í Reykjavík

Efni:

***Tillaga fulltrúa Sósíalístaflökks Íslands, um  
jafnara aðgengi að endurvinnslu - beiðni um  
umsögn***

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 29. október 2020, var svohljóðandi tillögu fulltrúa Sósíalístaflökks Íslands um jafnara aðgengi að endurvinnslu, vísað til umsagnar stjórnar Sorpu og aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks, sbr. 5. lið fundargerðar s.d.:

Fulltrúi Sósíalísta í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði leggur til að á að minnsta kosti einni móttökustöð Sorpu geti einstaklingar fengið aðstoð við að setja endurvinnanlegan úrgang í viðeigandi gáma. Í dag er staðan sú að ekki allir sitja við sama borð þegar kemur að því að skila flokkuðum úrgangi á viðeigandi staði. Ekki allir eru færir að nýta sér grenndargáma og erfitt getur verið að fá aðstoð á móttökustöðvum Sorpu. Í ljósi þess er lagt til að á að minnsta kosti einni stöð verði hægt að fá aðstoð með að tæma bílinn.

Óskað er eftir að umsögn frá aðgengis- og samráðsnefnd berist innan 21 dags.

Virðingarfyllst

Elísabet Pétursdóttir

Samrit:  
Stjórn Sorpu